**Fylgiskjal.**

**Flokkun fyrirtækja eftir umfangi eftirlits.**

| I. | II. | III. | IV. |
|---|---|---|---|
| A 300<br>B 1 000<br>C 1 000<br>D 4 000 | A 300<br>B 2 000<br>C 2 000<br>D 8 000 | A 300<br>B 3 000<br>C 3 000<br>D 15 000 | A 300<br>B 4 000<br>C 4 000<br>D 25 000 |
| Bensínstöðvar.<br>Leiktækjasalir.<br>Gufubaðstofur.<br>Ljósabaðstofur.<br>Leikvellir.<br>Lækningastofur.<br>Rakarastofur, hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur.<br>Sælgætis- og tóbakssölur.<br>Málningarverslanir.<br>Tannlæknastofur.<br>Torgsala.<br>Annar rekstur sambærilegur. | Fangageymslur.<br>Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur.<br>Gistiheimili án veitinga.<br>Heilsuræktarstöðvar.<br>Íþróttahús án sundstaðar.<br>Íþróttavellir/sundstaðir.<br>Brauðgerð/Brauðsala.<br>Kvikmyndahús.<br>Læknastöðvar.<br>Leikskólar.<br>Matsöluvagnar.<br>Mötuneyti (minni).<br>Neysluvörugeymslur.<br>Nýlenduvöruverslanir.<br>Sælgætisgerðir (minni).<br>Tækifærisveitingar.<br>Annar rekstur sambærilegur. | Brauðgerðarhús.<br>Brauðstofur.<br>Pizzugerðir.<br>Dagheimili.<br>Félagsheimili með veitingarekstur.<br>Fiskbúðir.<br>Minni hótel.<br>Sjúkrahús I. (hjúkrunarheimiil o. s. frv.).<br>Dvalarheimili o. þ. h.<br>Ísbúðir/Ísgerðir.<br>Íþróttahús með sundlaug.<br>Sundlaugar/Sundhallir.<br>Kjörbúðir/Nýlenduvöruverslanir.<br>Leiktækjasalir m/veitingum.<br>Skyndibitastaðir.<br>Stærri samkomuhús og veitingastaðir.<br>Sælgætisgerðir (stærri).<br>Veislumiðstöðvar.<br>Veitingastaðir.<br>Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur, önnur matvæli).<br>Annar rekstur sambærilegur. | Stórmarkaðir, stærri kjörbúðir.<br>Stór hótel.<br>Stórar matvælavinnslustöðvar.<br>Stór brauðgerðarhús.<br>Mjólkurstöðvar.<br>Vinnuheimili.<br>Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o. þ. h.<br>Sjúkrahús II. (svæðissjúkrahús, deildaskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús).<br>Annar rekstur sambærilegur. |

A Vottorð.
B Leyfisgjald, frumleyfi.
C Leyfisgjald, endurnýjun.
D Eftirlitsgjald.

Nr. 158 26. mars 1985

# REGLUGERÐ

**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Upphæðir bóta almannatrygginga samkvæmt lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum, þar með taldar bætur samkv. 19. gr., skulu hækka um 2,4% 1. mars 1985 að telja frá því sem þær voru í febrúar s.l.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkv. 79. gr. laga nr. 67/1971 og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. mars 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*